

**2. gr.**

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu samkvæmt 1. grein, skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s.l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga, og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Ennfremur skal félagið láta sýslunefnd í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka vinnuveitenda um málið.

**3. gr.**

Í októbermánuði ár hvert tekur sýslunefnd ákvörðun um hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Vörubifreiðastjórafélaginu Skildi 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlangdar næsta ár.

**4. gr.**

Stjórn félagsins er skylt að veita sýslunefnd allar þær upplýsingar, sem sýslunefnd telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd samþykktar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur sýslunefnd breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er um getur í 2. grein og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

**5. gr.**

Samþykkt þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki aðild að Vörubifreiðastjórafélaginu Skildi. Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt samþykkt þessari, sker sýslunefnd úr því.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

10. september 1969.

Nr. 229.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 60 28. maí 1962, um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.**

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald í búnaðarmálasjóð greiðist af mjólkurbúum, sláturhúsum, verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum svo og hótelum og öðrum fyrirtækjum, sem veita vörum móttöku frá framleiðendum, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús gripi til slátrunar, sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyzlu eða sölu, ber sláturhúseiganda þá að halda eftir hinu lögboðna

gjaldi af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgripi, fugla og svín.

Hið lögboðna gjald skal tekið af áætluðu verði, er innheimtumaður áætla, þó er greiðanda heimilt að gera athugasemdir við þá áætlun, og fer þá meðferð athugasemdar hans eftir ákvæðum 5. greinar þessarar reglugerðar.

Skylt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta gjaldsins er falin, skýrslur um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 75 25. apríl 1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 10. september 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 230.

2. september 1969.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Ingólfs Þorvaldssonar fyrrv. sóknarprests í Ólafsfirði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 2. september 1969.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð sr. Ingólfs Þorvaldssonar fyrrv. sóknarprests í Ólafsfirði.

### 1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru eiginkona og ættingjar sr. Ingólfs Þorvaldssonar, fyrrverandi sóknarprests í Ólafsfirði, frú Anna Nordal, Hagamel 45, Reykjavík, Vilhjálmur Ingólfsson og Álfheiður Jónsdóttir, Safamýri 50, Reykjavík, Ragnar Ingólfsson og Sigurborg Sigurjónsdóttir, Ljósheimum 14, Reykjavík, og Sigurður Ingólfsson og Jóhanna Guðmundsdóttir, Birkihvammi 9, Kópavogi.

Stofndagur sjóðsins er 1. febrúar 1969.

### 2. gr.

Stofnframlag er 5000 stk. minningarspjöld, sem seljast skulu á kr. 50.00 hvert stykki og skal það vera lágmarksgjald, en heimilt er að greiða hærri fjárhæð og skal sú upphæð, sem þannig er greidd hverju sinni, vera framlag í sjóðinn. Hækka má lágmarksgjaldið.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka.

### 4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til þess að fegra garðinn í kringum Ólafsfjarðarkirkju. Einnig má verja tekjum sjóðsins til að fegra kirkjuna að innan, þegar þurfa þykir. Ef sjóðnum skyldu áskotnast nægar tekjur í framtíðinni, má nota